

14

11. mars

11. gr.

Reglugjörð þessi endurskoðist fyrir árslok 1917.

Með reglugjörð þessari er úr gildi numin endurskoðuð reglugjörð um vatnsveitu í ytri hluta Akureyrarkaupstaðar 13. mars 1913.

Reglugjörð þessi, sem bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefir samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 83, 22. nóv. 1907, staðfestist hjermeð til að öðlast þegar gildi.

Í stjórnarráði Íslands, 11. mars 1915.

Sig. Eggerz.

Jón Hermannsson.

15

12. mars

Reglugjörð

um breyting á reglugjörð 7. mars 1908 um notkun pósta.

Á eftir öðrum málslið 22. gr. reglugjörðar um notkun pósta frá 7. mars 1908 komi nýr málsliður svohljóðandi:

Samkvæmt lögum nr. 22, 2. nóv. 1914, um breyting á póslögum 16. nóv. 1907, ber póstsjóður ekki ábyrgð á skaða þeim á póstsendingum, sem stafar af ofurefli (vis major), en eftir heimild þeirri, sem lögin veita til þess að gera breyting á þessu, skal póstsjóður, einnig þótt skaðinn stafi af ofurefli, hafa ábyrgð á póstsendingum þeim, er nú skal greina: Ábyrgðarbrjefum, peninga- og verðbrjefum og bögglum, sem hafa að innihaldi verðmæt skjöl, arðmiða, vaxtamiða, brjefpeninga, mótað og ómótað gull, silfur og platinu, gimsteina og ekta perlur, svo og öðrum sendingum, sem póstsjóður kann að bera ábyrgð á samkvæmt samningum við önnur lönd.

Í stjórnarráði Íslands, 12. mars 1915.

Sig. Eggerz.

Jón Hermannsson.